

RÆÐIÐ VIÐ FORELDRA/FORRÁÐAMENN

um verkefnin. Foreldrar eiga að fá tækifæri til að taka þátt í náminu og styðja við það.

Ef eitthvað vantar, ef eitthvað er óljóst eða ef eitthvað kemur uppá hafið **SAMBAND** við kennarana og fáið hjálp. Hlutverk kennarans er m.a. að leiðbeina og styðja við námsferlið.

GÓÐAR SVEFNENJUR og gott **MATARRÆÐI** skiptir miklu máli. Of lítill svefn sem dæmi getur valdið vanlíðan, þreytu og streitu sem hefur áhrif á einbeitingu, minni og rökhugsun.

Nýtið viðeigandi spjallþræði til samskipta um námið en verið **JÁKVÆÐ, KURTEIS** og munið að **HRÓSA**. Gott er að sýna þakklæti og virðingu. Orð eins og takk, vinsamlegast og vel gert skipta mjög miklu máli.

Gætið að **RÆÐA VIÐ AÐRA NEMENDUR**, t.d. í gegnum forrit sem bjóða upp á myndsimtöl. Nám er að stórum hluta félagslegt ferli og það að heyra í öðrum og ræða námið og verkefnin er góð leið til að gera gott betra.

Gætið að **KALDHÆÐNI** í texta skilst oft illa sem og varast skal óþarfa. Ef upp kemur ósætti er betra að útkljá það á öðrum stað en fyrir allra augum á spjallþræði ætluðum til náms.

NOTIÐ BORD- OG FARTÖLVUR í textavinnslu ef þið hafið aðstöðu til. Snjallsímar og spjaldtölvur eru tæki ætluð til margmiðlunar, ekki rítvinnslu. Þau eru hönnuð til að taka ljósmyndir, til að varfa á netinu, til að hlusta á tónlist o.s.frv. Bord- og fartölvur eru hins vegar m.a. rítvinnslutæki.

Athugið **DAGLEGA** hvort búið sé að leggja fyrir ný verkefni. Haldið skrá um verkefnin og skil og mótið skipulag og reglu varðandi fjarnámið.

Gætið að hvar **VERKEFNUM ER SKILAÐ**. Mikilvægt er að þeim sé skilað á rétta staði í námsumhverfinu. Gott er að passa upp á að eiga afrit af viðkomandi verkefni á vísun stað.

VINNIÐ SAMAN þegar það býðst og nýtið forrit sem bjóða upp á samvinnu.

FJARNÁM

UPPLÝSINGATÆKNI MENNTASVIÐ KÓPAVOGS